



Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um

Þingmannatillögu um dánartíðni slökkviliðsmanna vegna krabbameins og flokkun ákveðinna tegunda krabbameins

Tillaga

Velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að gangast fyrir norrænni rannsókn á hættu á krabbameini meðal ýmissa starfsstétta (þar á meðal slökkviliðsmanna) í því skyni að fá betri heildarmynd af stöðu rannsókna á þessu sviði;

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

- að þróa heilbrigðisþjónustu á vegum atvinnurekanda og vinnuferli þannig að starfsfólk verði í minna mæli útsett fyrir krabbameinsvaldandi efnum og fylgst verði með þeim.

Forsaga

Norrænt frelsi lagði fram tillögu um dánartíðni meðal slökkviliðsmanna af völdum krabbameins og flokkun ákveðinna krabbameina sem atvinnusjúkdóms. Forsagan er sú að slökkviliðsmenn komast oft í snertingu við ýmis byggingarefni, efnasambönd, plast og önnur eiturefni sem brenna. Hlutverk slökkviliðsmanna er að slökkva eld óháð því hvaða eiturefnum og hættum þeir geta lent í. Slökkviliðsmenn hjálpa fólki í neyð en vinnuumhverfið er ófyrirsjáanlegt og nú er vitað að það getur verið krabbameinsvaldandi.

Rannsóknir frá m.a. Bandaríkjunum, Kanada, Evrópu og Norðurlöndum staðfesta að dánartíðni meðal slökkviliðsmanna af völdum krabbameins er hærrí en meðal almennings. Norrænt frelsi telur mikilvægt að stunda sameiginlegar rannsóknir, vera norrænir frumherjar á þessu sviði og bera kennsl á góða starfshætti.

Norrænt frelsi leggur því til að:
Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

- að gangast fyrir norrænni rannsókn á slökkviliðsmönnum og krabbameini í því skyni að fá betri heildarmynd af stöðu rannsókna á þessu sviði.

Norrænt frelsi leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

- að þróa flokkunarkerfi atvinnusjúkdóma þannig að þær tegundir krabbameins sem algengast er að slökkviliðsmenn fái verði taldar til atvinnusjúkdóma;
- að tryggja að slökkviliðsmenn sem veikjast af krabbameini vegna starfs síns fái viðeigandi bætur;
- að þróa heilbrigðisþjónustu á vegum atvinnurekanda og vinnuferli þannig að slökkviliðsmenn verði í minna mæli útsettir fyrir krabbameinsvaldandi efnum og fylgst verði með þeim.

Norræna velferðarnefndin fjallaði um þingmannatillöguna á sumarfundi sínum 28. júní 2016. Nefndin óskaði eftir nánari upplýsingum um málið og sendi Norrænt frelsi því meðfylgjandi skriflegu fyrirspurnir (E 20/2016) til norrænu ríkisstjórnanna.

- Hvaða aðgerða hafa norrænu ríkisstjórnirnar gripið til með það fyrir augum að þróa flokkunarkerfi atvinnusjúkdóma í þá veru að algengustu tegundir krabbameins meðal slökkviliðsmanna verði taldar til atvinnusjúkdóma?
- Hvaða aðgerða hafa norrænu ríkisstjórnirnar gripið til í því skyni að þróa bótakerfi fyrir slökkviliðsmenn sem fá krabbamein?
- Áforma norrænna ríkisstjórnirnar að taka saman niðurstöður allra rannsókna sem gerðar hafa verið á þessu sviði í því skyni að fá betri heildarmynd af stöðu rannsókna á þessu sviði og hverjar eru niðurstöður slíkra rannsókna?

Ríkisstjórnirnar svöruðu fyrrnefndum fyrirspurnum 17. október 2016.

Í svörunum kemur fram að mál sem varða atvinnusjúkdóma og skaðabætur séu afgreidd hvert um sig, óháð því hvaða starfsstétt eða starf er um að ræða. Því er engin sérstök skrá yfir atvinnusjúkdóma slökkviliðsmanna eða annarra starfsstétta.

Sama á við um skaðabætur fyrir slökkviliðsmenn sem deyja úr krabbameini. Norrænu ríkisstjórnirnar skrá ekki sérstaklega slökkviliðsmenn sem deyja úr krabbameini heldur eru skaðabætur greiddar í samræmi við löggjöf viðkomandi lands og metnar út frá einstaklingi sem á í hlut. Finnsla vinnueftirlitið (Arbetshälsoinstitutet) fylgist þó með slökkviliðsmönnum og hyggst stofnunin setja skýrari reglur um tilkynningaskyldu vegna starfsfólks sem kemst í snertingu við krabbameinsvaldandi efni.

Unnið er að ýmsum rannsóknum og rannsóknarverkefnum á Norðurlöndum. Í Danmörku eru eftirfarandi verkefni:

BIOBRAND: Lífvöktun slökkviliðsmanna og reykkafera, merki um snertingu, skammta og áhrif fyrir og eftir að eldur er slökktur. Det Nationale forskningscenter for Arbejdsmiljø (NFA) framkvæmdir rannsóknina. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki í október 2017.
EPIBRAND: Faraldsfræðileg rannsókn byggð á skráum á áhættu á starfstengdu heilsutjóni slökkviliðsmanna. Krabbamein og hjarta- og æðasjúkdómar Danska krabbameinsfélagið (Kræftens Bekæmpelse) framkvæmir rannsóknina og er gert ráð fyrir að henni ljúki í október 2017.

Norðurlandaráð

A 1677/vælfærd

Afgreiðsla:
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer: 16-00042-10

Í Finnlandi gaf Arbetshälsoinstitutet (vinnueftirlitið) út rannsóknaskýrslu í júní 2016 með sænsku yfirskriftinni: „Minskar Skellefteåmodellen brandmäns exponering i operativt arbete“. Í Svíþjóð kom út skýrslan „Carcinogena kemikalier i gränsvärdeslistan: samverkans effekter.“ (Rapport 2014:10).

Norðurlandaráð

Að mati Norges arbeidsmiljøinstitutt (STAMI) (norsku vinnuverndarstofnunarinnar) er þörf á frekari rannsóknum og betri greiningu á eðli þeirrar áhættu sem slökkviliðsmenn verða fyrir í Noregi og annars staðar á Norðurlöndum.

A 1677/välfärd

Afgreiðsla:
Norræna velferðarnefndin

Málsnúmer: 16-00042-10

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna velferðarnefndin lítur mjög alvarlegum augum á vinnuslys og atvinnusjúkdóma slökkviliðsmanna og viðurkennir mikilvægi þess að huga að fyrirbyggjandi vinnuvernd í starfsgreininni.

Nefndin telur þó að tillagan í núverandi mynd einskorðist of mikið við eina starfsgrein, slökkviliðsmenn. Starf slökkviliðsmanna er ekki meðal hættulegustu eða áhættusömustu starfa þegar kemur að atvinnusjúkdómum. Ýmis önnur störf eru hættuleg og áhættusöm þar sem starfsmenn hætta heilsunni í hvert sinn sem þeir sinna vinnu sinni. Því óskar nefndin eftir því að tillagan verði látin ná til fleiri starfa og starfsgreina þar sem vinnuumhverfið getur verið skaðlegt.

Nefndin mælir því með því að vinnuvernd og atvinnusjúkdómar verði rannsökuð almennt. Nefndin beinir því almennum tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar þess efnis að hún taki saman norrænar rannsóknir á þessu sviði, og norrænu ríkisstjórnirnar eru hvattar til að móta starfshætti í því skyni að draga úr og hafa eftirlit með því hvort starfsmenn komast í snertingu við krabbameinsvaldandi efni.

Á grundvelli svara frá norrænu ríkisstjórnunum þar sem fram kemur að mál sem varða vinnutengdan skaða séu afgreidd hvert um sig og samkvæmt löggjöf viðkomandi lands telur nefndin ekki ástæðu til að vinna áfram með annan og þriðja málslið tillögunnar.

Kaupmannahöfn, 1. nóvember 2016

Angelika Bengtsson (SD)
Anna-Maja Henriksson (sv)
Arja Juvonen (saf)
Bengt Morten Wenstøb (H)
Bente Stein Mathisen (H)
Christian Juhl (EL)
Dennis Dioukarev (SD)
Jenis av Rana (Mfl.)

Kåre Simensen (A)
Ketil Kjenseth (V)
Krista Mikkonen (gröna)
Lea Wermelin (S)
Lennart Axelsson (S)
Pål Jonson (M)
Rikard Larsson (S)
Ulf Leirstein (FrP)